

Stjórnarfundur TSÍ þann 12.01 2010 kl 17:00 – 18:30

Mætt voru Gunnar, Helgi, Jónas Rakel og Skjöldur

1) Gunnar sagði frá því að Borðtennissamband Íslands hefði mikinn áhuga á að hitta TSÍ til skrafs og ráðagerða um e-ð samstarf á milli sambandanna. Stjórnarmenn tóku vel í það. Gunnar mun hafa samband við þá og boða fund.

2) Rætt var um hvernig væri best að leysa stöðu framkvæmdastjóra þar sem Raj sagði af sér í desember síðastliðinn. Aðalverksvið framkvæmdastjóra hingað til hefur verið samskipti við erlenda aðila og svo samskipti innalands þá aðallega við ÍSÍ og stjórn TSÍ að sjálfsögðu. Jónas stakk upp á Leif sem hugsanlegum framkvæmdastjóra í alþjóðasamskiptin allavega en það er þó óljóst hvað hann gæti sinnt því starfi lengi. Menn ætluðu að hugsa málin með þetta.

3) Ákveðið var að landsliðsæfingar yrðu áfram á mánudögum og sunnudögum líkt og var fyrir áramót með sömu þjálfurum. Kostnaður við það er ca 230.000 kr. Tekist var á um hvort halda ætti áfram með miðvikudagstímana kl 21:30 en það kostar ca 100.000 kr til viðbótar. Ákveðið var að Jónas myndi halda þeim tíma í viku í viðbót.

4) Rædd voru Evrópumót fyrir U16, U14 og hugsanlega U12 um páskana og í sumar. Þá var verið að tala um 2-3 mót og kostnað upp á ca 130.000 kr við hvert mót. Koma þarf þessum hlutum á sem hreint sem fyrst og mun Jónas ræða við Ingólf sem hefur verið í sambandi við Stefanie hjá ETA og hugsanlega setja sig í samband við hana.

5) Fjárhagsáætlunin var rædd í heild sinni og mun Skjöldur senda hana á stjórnarmenn þannig að allir geti breytt og komið með tillögur sín á milli í gegnum tölvupóst.

Kveðja,

Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ